



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands um hjólhýsi og húsbílabyggð í Laugardal

Á fundi borgarráðs 10. júní 2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands:

Hversu langur er biðlisti eftir langtímastæðum og hvernig gengur að finna nýtt úrræði fyrir íbúa í hjólhýsa- og húsbílabyggð Laugardalsins? Vitað er að samningur rennur út í lok maí og íbúar á svæðinu þurfa langtímaleausn.

Á fundi borgarráðs 10. júní 2021 var samþykkt að rekstur langtímastæða á Tjaldsvæðinu í Laugardal yrði á tímabilinu 1. júní 2021 – 1. júní 2022.

Samningur um dvöl á langtímastæðum innan Tjaldsvæðisins í Laugardal var gerður við viðkomandi gesti.

Í samningnum kemur m.a. fram „Leigutímabil samkvæmt samningi þessum í langtímaleigu er til 15. maí 2022, nema honum sé sagt upp“.

ÍTR tilkynnti leigutökum síðan um framlengingu samninga þar til leigutakar þyrftu að yfirgefa Tjaldsvæðið yfir sumarmánuðina 2022.

Leigutakar í langtímastæðum eru enn á Tjaldsvæðinu og óska eindregið eftir að fá að vera þar áfram.

Nú eru 12 einstaklingar í langtímastæðum á Tjaldsvæðinu. Hluti þeirra er með lögheimili í Reykjavík en aðrir í öðrum sveitarfélögum.

EKKI eru neinir biðlistar um langtímastæði núna.

Að fenginni reynslu er ljóst að ekki fer alltaf vel saman rekstur tjaldsvæðis fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og langtímastæði fyrir húsbílaeigendur miðað við núverandi aðbúnað.

Því er rétt að taka fram í sambandi við aðstöðu fyrir langtímastæði, almennt fyrir húsbíla hefur verið bent á ýmsa staði í borgarlandinu, þar sem slíkri aðstöðu mætti koma fyrir.

Að koma upp nýju svæði hefur í för með sér kostnað vegna framkvæmda svo sem vegna rafmagns, vatns, stæða o.fl. Það svæði sem hefur verið skoðað sérstaklega gæti kostað 60.0 – 100.0 mkr. að gera starfhæft fyrir langtímastæði.

En e.t.v. væri hagkvæmari lausn að koma fyrir langtímastæðum á efri hluta tjaldsvæðisins í Laugardal, þar sem m.a. eru snyrtningar, en leggja þyrfti rafmagn að svæðinu vegna húsbílanna.

Nauðsynlegt er að horfa til framtíðarlausnar í þessu sambandi.

Sumarið mun ÍTR nýta til að skoða möguleika á því að útvega svæði undir langtímaстæði fyrir næsta veturn í Laugardal, í samvinnu við Farfugla, sem reka Tjaldsvæðið með sérstökum samningi.

Einnig verði skoðaðir möguleikar á staðsetningu langtímaстæða fyrir húsbýla til framtíðar í Laugardal eða á öðrum stað í borginni.



Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR